

28

31. marz

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Norðurlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 31. marz 1954.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

29

5. apríl

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, enda verði þær gerðar að ættaróðulum:

1. Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni.
2. Betaníu (Kot) í Mosvallahreppi ábúandanum Guðmundi Arasyni.
3. Mosvelli í Mosvallahreppi ábúandanum Birni Hjálmarssyni.

Náma- og jarðhitaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.
(L. S.)

Árni Tryggvason.

Steingrímur Steinþórsson.